



Fundargerð

1511. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn á Grænásbraut 910
10. apríl 2025, kl. 08:15

Viðstaddir:

Bjarni Páll Tryggvason, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir
formaður, Margrét A. Sanders og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Almenningsamgöngur (2019090564)

Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnifulltrúi og Birgir Örn Birgisson frá Consensa mættu á fundinn gegnum fjarfundabúnað.

Lögð fram opnunarskýrsla vegna útboðs á almenningsamgöngum í Reykjanesbæ.

Bæjarráð felur Önnu Karen Sigurjónsdóttur sjálfbærnifulltrúa og Guðlaugi H. Sigurjónssyni sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs að vinna áfram í málinu.

2. Samstarfsverkefni við Kólku (2021110335)

Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnifulltrúi mætti á fundinn gegnum fjarfundabúnað.

Lagt fram minnisblað um samstarfsverkefni milli Kólku sorpeyðingarstöðvar sf. og Reykjanesbæjar.

Bæjarráð felur Önnu Karen Sigurjónsdóttur sjálfbærnifulltrúa og Guðlaugi H. Sigurjónssyni sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs að vinna áfram í málinu.

3. Fræðslustefna Reykjanesbæjar (2025030588)

Iðunn Kristín Grétarsdóttir mannauðsstjóri mætti á fundinn.

Lögð fram drög að fræðslustefnu Reykjanesbæjar 2025-2028.

Bæjarráð vísar drögum að fræðslustefnu Reykjanesbæjar til umsagnar í nefndum og ráðum.

4. Siðareglur starfsfólks (2025040165)

Iðunn Kristín Grétarsdóttir mannauðsstjóri mætti á fundinn.

Lögð fram drög að siðareglum starfsfólks Reykjanesbæjar.

Bæjarráð samþykkir 5-0 fyrirliðgjandi drög að siðareglum Reykjanesbæjar.

5. Forkaupsréttur - kvaðir á lóðarleigusamningum (2025030422)

Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi og Unnar Steinn Bjarndal bæjarlögmaður mættu á fundinn.

Lagt fram minnisblað þar sem óskað er eftir heimild til að útbúa yfirlýsingu til sýslumanns þess efnis að fallið verði frá forkaupsrétti til og með 1. janúar 2035 á þeim fasteignum sem Reykjanesbær ætlar ekki að nýta forkaupsréttinn á.

Bæjarráð samþykkir heimildina 5-0.

6. Ársreikningur 2024 (2025040164)

Regína F. Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs og Þorgeir Sæmundsson deildarstjóri reikningshalds mættu á fundinn.

Lögð fram drög að ársreikningi Reykjanesbæjar 2024.

Bæjarráð vísar ársreikningi í endurskoðun og til fyrri umræðu í bæjarstjórn 15. apríl 2025.

7. Breiðbraut 645 - kauptilboð (2024100195)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu mætti á fundinn.

Lagt fram kauptilboð í Breiðbraut 645.

Bæjarráð hafnar framlögðu kauptilboði.

8. Almyrkvi 2026 - undirbúningur (2025040174)

Lagt fram erindi frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

9. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands - nýjar samþykktir (2025040093)

Lagt fram bréf frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands um nýjar samþykktir fyrir félagið sem samþykktar voru á aukafundi fulltrúaráðs 19. mars 2025.

Ein af meginbreytingunum sem samþykktar voru er að eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar eiga öll aðildarsveitarfélög EBÍ að kjósa í fulltrúaráðið í stað þess að í eldri samþykktum var gert ráð fyrir að einungis bæir og héraðsnefndir kysu í fulltrúaráðið. Þá mun atkvæðavægi á fulltrúaráðsfundum miðast við eignarhlut sveitarfélags í EBÍ. Sama regla gildir einnig um breytingar á samþykktum og um slit félagsins.

10. Fundargerð neyðarstjórnar 1. apríl 2025 (2025020264)

Lögð fram til kynningar fundargerð neyðarstjórnar.

11. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2025030101)

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (bætt málsmeðferð og aukin skilvirkni), 268. mál.

<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/156/268/?ltg=156mnr=268>

Umsagnarmál lagt fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:38.